

HJÚKRUNARHEIMILI Í FJARÐABYGGÐ

Hönnunarsamkeppni
Dómnefndarálit
Júní 2010
Útboð nr 14838



Verkkaupar:
Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Fjarðabyggð

Umsjónaraðili:
Framkvæmdasýsla ríkisins

Samstarfsaðili:
Arkitektafélag Íslands



FJARÐABYGGÐ



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ávarp ráðherra

Góðir lesendur.

Nú er lokið hönnunarsamkeppni um byggingu hjúkrunarheimilis í Fjarðabyggð og dómnefnd hefur skilað álitinu sínu. Þar með er hafinn nýr kafli í byggingasögu stofnana fyrir aldraða hér á landi.

Heimilið í Fjarðabyggð verður fyrsta hjúkrunarheimilið hér á landi sem er hannað frá grunni í samræmi við breytta hugmyndafræði um skipulag og áherslur í rekstri hjúkrunarheimila sem rutt hefur sér til rúms á síðari árum. Byggt er á rétti íbúanna til þess að lifa eðlilegu heimilislífi, njóta friðhelgi einkalífs og búa við sjálfstæði og sjálfræði eins og kostur er með viðeigandi aðstoð og stuðningi til sjálfshjálpar.

Í nóvember 2008 gaf félags- og tryggingamálaráðuneytið út viðmið um skipulag hjúkrunarheimila og setti þannig skýra umgjörð um hugmyndafræðina sem hönnunarsamkeppnin byggðist á. Er þá miðað að því að skapa umhverfi og aðstæður sem líkjast eins og kostur er því sem fólk á að venjast á hefðbundnum einkaheimilum en mæta engu að síður þörfum þeirra sem hafa skerta getu til daglegs lífs.

Það er einkar ánægjulegt hve margir tóku þátt í hönnunarsamkeppninni en alls bárust þrjátíu og sex tillögur, margar hverjar einstaklega vel útfærðar og til marks um fagmennsku og frjóa hugsun þátttakenda.

Ég þakka öllum sem tóku þátt í samkeppninni fyrir þeirra framlag og einnig dómnefndinni, undir forystu Ásmundar Ásmundssonar, fyrir vel unnin störf. Á þeim grunni sem hér hefur verið lagður munum við byggja hjúkrunarheimili framtíðarinnar með mannréttindi og virðingu að leiðarljósi.



Inngangur

Fyrirhugað er að reisa nýtt hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð, að Dalbraut 1 á Eskifirði. Þar verða 20 hjúkrunarrými sem koma í stað hjúkrunarrýma í dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði.

Við hönnun byggingarinnar á að fylgja stefnu félags- og tryggingamálaráðuneytisins í öldrunarmálum og áherslum ráðuneytisins sem sett eru fram í ritinu Skipulag hjúkrunarheimila, frá nóvember 2008. Áhersla er lögð á að finna vistvænar lausnir og voru keppendur hvattir til að kynna sér rit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar. Einnig var vísað til stefnu stjórnvalda sem fram kemur í ritinu Menningarstefna í mannvirkjagerð, Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist.

Fylgt skal nýjum áherslum og þeirri hugmyndafræði að búa heimilsmönnum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing eru í heiðri höfð. Umhverfi, aðstæður og skipulag á hjúkrunarheimilinu skal byggt á þeirri meginreglu að heimilismönnum sé eins og kostur er gert kleift að taka þátt í sem flestum athöfnum daglegs lífs og ákvörðunum sem varða þá sjálfa og þeirra nánasta umhverfi. Gert er ráð fyrir litlum einingum sem skiptast annars vegar í rúmgótt einstaklingsrými fyrir hvern og einn og hins vegar í sameiginlegt rými fyrir heimilismenn og starfsfólk viðkomandi einingar með eldunaraðstöðu, borðstofu og dagstofu. Í viðmiðum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hámarki 75 fermetra brúttórými fyrir hvert hjúkrunarrými. Heildarstærð 20 rýma hjúkrunarheimilis verður því að hámarki 1500 m². Stefnt er að því að útboð á verklegri framkvæmd verði auglýst fyrir hluta árs 2011 og að heimilið verði tekin í notkun vorið 2013.

Verkkaupar eru félags- og tryggingamálaráðuneytið og Fjarðabyggð. Samkeppnin er unnin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Dómnefndarfulltrúar voru tilnefndir af verkkaupa og Arkitektafélagi Íslands. Félags- og tryggingamálaráðuneytið skipaði dómnefnd í janúar 2010.

Alls bárust þrjátíu og sex tillögur og mat dómnefnd tillögurnar samkvæmt áherslum og markmiðum samkeppnislýsingar hönnunarsamkeppninnar.

Dómnefnd vill þakka tillöguhöfundum fyrir frjóar og fjölbreyttar hugmyndir sem jafnan voru skýrar og vel fram settar.



Dómnefnd og dómstörf

Samkeppnin, sem var framkvæmdasamkeppni, var haldin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Umsjón með samkeppninni fyrir hönd verkkaupa hafði Framkvæmdasýsla ríkisins, en trúnaðarmaður keppinnar var starfsmaður Ríkiskaupa. Samkeppnin var öllum opin sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst í dagblöðum og á vef Ríkiskaupa 13. mars 2010. Auglýsing var einnig birt á EES svæðinu. Skilafrestur var 7. júní 2010.

Þrjátíu og sex tillögur bárust og voru þær allar teknar til dóms. Formlegir fundir dómnefndar voru tíu en auk þess unnu dómnefndarmenn mikið milli funda.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar;

Tilnefndir af verkkaupum:

Ásmundur Ásmundsson, verkfræðingur, formaður dómnefndar

Vilborg Ingólfssdóttir, sviðsstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytinu

Jóhann E. Benediktsson, mannvirkjastjóri Fjarðabyggðar

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ

Þorsteinn Helgason, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og verkefnisstjóri:

Bergljót S. Einarsdóttir, verkefnastjóri/arkitekt, Framkvæmdasýsla ríkisins



Niðurstaða dómnefndar

Við val sitt lagði dómnefnd áherslu á lausnir með góðu innra skipulagi, heimilislegu yfirbragði og að heildarásýnd byggingar og lóðar tæki mið af sérstöðu svæðisins.

Lagt er til að þrjár tillögur hljóti verðlaun en þær svara að mati dómnefndar best væntingum sem lýst er í samkeppnislýsingu. Dómnefnd leggur einnig til að sex tillögur hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum og þrjár tillögur hljóti viðurkenningu án peningaverðlauna. Þær tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu með eða án peningaverðlauna sýna með mismunandi hætti áhugaverðar lausnir eða atriði sem dómnefnd þykir rétt að vekja athygli á.

Tillögur að vinningshöfum

1. verðlaun, kr. 3.500.000 kr., tillaga nr. 3, auðkenni 14999
2. verðlaun, kr. 2.500.000 kr., tillaga nr. 23, auðkenni 34567
3. verðlaun, kr. 1.000.000 kr., tillaga nr. 30, auðkenni 97582

Tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum

- Viðurkenning, kr. 500.000 kr., tillaga nr. 9, auðkenni 73537
Viðurkenning, kr. 100.000 kr., tillaga nr. 2, auðkenni 09015
Viðurkenning, kr. 100.000 kr., tillaga nr. 18, auðkenni 00154
Viðurkenning, kr. 100.000 kr., tillaga nr. 26, auðkenni 26255
Viðurkenning, kr. 100.000 kr., tillaga nr. 34, auðkenni 92233
Viðurkenning, kr. 100.000 kr., tillaga nr. 35, auðkenni 76737


Tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu án peningaverðlauna

- Tillaga nr. 8, auðkenni 22005
Tillaga nr. 10, auðkenni 81540
Tillaga nr. 17, auðkenni 40620

Reykjavík 30. júní 2010




Ásmundur Ásmundsson, verkfræðingur, formaður dómnefndar




Vilborg Ingólfssdóttir, sviðsstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytinu



Jóhann E. Benediktsson, mannvirkjastjóri Fjarðabyggðar



Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ



Þorsteinn Helgason, arkitekt FAÍ

Yfirlit yfir tillögur

Númer dómnefndar og auðkennisnúmer, verðlaun og viðurkenningar.

1	46512	
2	09015	viðurkenning, 100.000 kr.
3	14999	1. verðlaun, 3.500.000 kr.
4	34512	
5	60111	
6	10501	
7	42282	
8	22005	viðurkenning
9	73537	viðurkenning, 500.000 kr.
10	81540	viðurkenning
11	25102	
12	18204	
13	64899	
14	41105	
15	49128	
16	33352	
17	40620	viðurkenning
18	00154	viðurkenning, 100.000 kr.
19	15728	
20	68986	
21	1706	
22	92874	
23	34567	2. verðlaun, 2.500.000 kr.
24	KL3TT	
25	01237	
26	26255	viðurkenning, 100.000 kr.
27	62010	
28	123735	
29	79110	
30	97582	3. verðlaun, 1.000.000 kr.
31	56680	
32	32323	
33	49048	
34	92233	viðurkenning, 100.000 kr.
35	76737	viðurkenning, 100.000 kr.
36	29821	

Almenn umsögn dómnefndar

Áherslur dómnefndar

Í samkeppnislýsingu er áherslum dómnefndar lýst með eftirfarandi hætti:

„Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirbyggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum:

- Heildarlausn húsnæðisins skili vandaðri og góðri byggingarlist, þannig að form, efnisval og heildaryfirbragð hæfi starfseminni.
- Yfirbragð hússins marki sérstöðu í byggðinni við Eskifjörð.
- Góðar og aðlaðandi lausnir íbúðareininga og sameiginlegra svæða.
- Heimilislegt umhverfi.
- Innra fyrirkomulag, innbyrðis tengsl og notkun dagsbirtu.
- Einfaldar tæknilausnir, sem stuðla að vistlegu heimili.
- Lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til framkvæmdakostnaðar, endingar, rekstrarkostnaðar, umhverfis- og vistfræðipáttá.
- Sveigjanleika sem henti þörfum starfseminnar.
- Umferðar-, aðgengis- og öryggismál.
- Fyrirkomulag á lóð, góð útvistarrými og aðlögun að umhverfinu.

Dómnefnd mun í niðurstöðum sínum fjalla almennt um allar innkomnar tillögur, þar sem mun verða tekið á mismunandi lausnum höfunda, mismunandi einkenni tillagna dregin fram og afstaða dómnefndar til þeirra birt.“

Flokkar

Dómnæfnd skipti tillögum í fjóra meginflokka eftir formi og fyrirkomulagi bygginga.

- a. **Fingurform**
- b. **Y form**
- c. **H form**
- d. **O form með inngarði**

Lausnir í mismunandi tillöguflokkum endurspeglar í meginatriðum hvernig leysa má helstu úr-lausnarefni samkeppninnar og koma þá jafnan fram kostir og gallar hvers flokks.

a. Fingurform.

Dómnæfnd valdi í þennan flokk eftirfarandi tillögur: nr. 1, 2, 4, 10, 25, 27, 31, 33, 35 og 36.

Í fingurtillögum myndast fingurnir almennt út frá þjónustukjarna sem er í lófanum. Í fingrunum eru heimilin/einingarnar oftast með löngum göngum þar sem einstaklingsrými eru öðrum megin og opnun hinum megin að gördum. Sameiginlegu rými eru í fingurkrikunum eða í breikkuðum göngum. Helsti kostur þessara tillagna er einfalt skipulag, bjartar tillögur og skjólgóðir garðar. Gallarnir eru langar gönguleiðir og takmörkuð yfirsýn yfir alla eininguna. Af því leiðir að erfiðara er að ná heimilislegum brag. Einnig er erfitt er að tengja saman sameiginleg rými eininganna.

b. Y form.

Dómnæfnd valdi í þennan flokk eftirfarandi tillögur: nr. 3, 6, 9, 11, 13, 15, 18, 19, 20, 21, 22 og 28.

Flestar Y tillögur hafa í sér gangalausnir en tvær þeirra skera sig úr þar sem einstaklingsrými hringa sig í kringum sameiginlegu rými þ.e. tillögur nr. 3 og 9. Kostir Y lausnanna eru fjölbreytileg útirými og miðlægur inngangur í sameiginleg almenn rými. Í mörgum tillögunum er hægt að sameina sameiginleg svæði eininga. Gallarnir koma fram í gangalausnunum þar sem einstaklingsrými eru beggja vegna gangs, en þær lausnir verða síður heimilislegar.

c. H form.

Dómnæfnd valdi í þennan flokk eftirfarandi tillögur: nr. 5, 12, 23, 29, 30 og 34.

Í þessu formi eru sameiginleg rými yfirleitt miðlæg og þau oft má sameina. Þau eru oftast í miðjunni þ.e. á miðásnum og einingar út frá þeim. Þannig skapast ýmist skjólgóðir garðar eða skjólgóðir inngarðar. Einstaklingsrými raðast í flestum tilvikum um ganga, suma bjarta og aðra ekki, en í því felast veikleikar formsins og verða einingarnar því síður heimilislegar. Kostirnir felast oftast í lausn á miðrýmum og gördum.

d. O form.

Dómnæfnd valdi í þennan flokk eftirfarandi tillögur: nr. 8, 14, 16, 24, 26 og 32.

Lausnir í þessum flokki eru alment innhverfar með einingunum í kringum lokaða eða hálf-lokaða inngarða. Útsýni úr sameiginlegum rýmum er yfirleitt takmarkað. Styrkur tillagnanna felst í skjólgóðum inngörðum. Gallinn er að gangar verða langir og lausnir ekki heimilislegar.

Lóð og yfirbragð

Dómnæfnd veitti keppendum mikið frjálsræði innan byggingareits á lóðinni sem endurspeglast í ólíkum lausnum keppenda. Flestar tillögur voru innan byggingarreits. Skipulag lóðar var fjölbreytilegt hjá keppendum og aðkoma að lóð ólík. Við mat á heildaryfirbragði bygginga var athyglisvert að þær tillögur sem voru með tilvísun í eskfirsk sérkenni komu sterkar út. Dómnæfnd heillaðist síður að lausnum þar sem byggingin var almenn eða markaði ekki sérstöðu í útliti og yfirbragði.

Innra skipulag

Dómnæfnd lagði mesta áherslu á í vali sínu að velja tillögur með góðar heildarlausnir og heimilislegt yfirbragð. Í Y og H tillögum voru sameiginlegu svæðin best leyst sem og innbyrðis tengsl milli eininga. Dómnæfnd mat að útsýni, frá sameiginlegum rýmum, til fjalla hefði töluvert gildi í heildarlausn byggingarinnar. Innhverfar lausnir, eins og í O flokki og fingurlausnum, náðu ekki að leysa þetta atriði jafn vel og uppbrotnar tillögur í flokkum Y og H.

Almennt voru lausnir einstaklingsrýma óháðar grunnflokkum bygginganna þ.e. fingurformi,

H, Y, O. Einstaklingsrými með besta nýtingu voru kassalaga ferningar þar sem gengið var beint inn í einstaklingsrýmið og þar sem hurð á salerni sneri beint að rúmstæði. Tillögur sem sýndu ílöng einstaklingsrými og ílöng salerni taldi dómnefnd síðri.

Tillögur valdar til frekari skoðunar

Dómnefnd fór í upphafi yfir allar tillögur nokkrum sinnum og að því loknu varð hún sammála um að taka eftirtaldar sextán tillögur til frekari skoðunar nr. 1, 2, 3, 8, 9, 10, 14, 17, 18, 23, 26, 27, 29, 30, 34, 35.

Eftir vettvangsferð dómnefndar til Fjarðabyggðar var ákveðið að taka eftirtaldar tíu tillögur til nánari skoðunar nr. 2, 3, 9, 10, 18, 23, 26, 30, 34 og 35.

Þrjár tillögur voru stærðarreiknaðar af Framkvæmdasýslu ríkisins og voru þær allar innan stærðarmarka.


Dómnefnd valdi að lokum þrjár tillögur sem verðlaunatillögur, sex tillögur til viðurkenningar með peningaverðlaunum og þrjár tillögur til viðurkenningar án peningaverðlauna.



Tillaga númer 3 – auðkenni 14999 1. verðlaun, 3.500.000 kr.



Tillagan sýnir heillandi og hnitmiðaða lausn. Útlitslega séð sker byggingin sig úr umhverfinu með uppbroti í formi og misháum þökum yfir miðrými byggingarinnar. Eins og höfundur lýsir svo í greinargerð „*gler og járnklædda fleti kristallanna sem brjóta sér leið upp úr grasi grónu þakinu og hleypa tærri dagsbirtunni inn í sameiginleg rými hússins.*“ Efnisval með veðraðri timburklæðningu vísar í eldri timburhús bæjarins. Hugmyndin með silfurbergið sýnir að höfundur hefur kynnt sér sögu staðarins og nýtt sér hana.



Umgjörð um glugga er áhugaverð og formar í einni heild skyggni og sæti í sérgarði og brýtur þannig upp útlit hússins og gerir það sérstakt. Aðalinngangur er miðlægur og vel sýnilegur en á móti norðvestanátt sem er ríkjandi að vetrarlagi. Hann er frekar þröngur og ekki í sjónlínu við vakt en þjónustuinngangur er vel leystur.

Eining 1, fyrir heilabílaða, er aðskilin frá einingum 2 og 3 og er í óþarflega mikilli göngufjarlægð frá þeim. Einn helsti kostur þessarar tillögu er hvernig einstaklingsrýmið, bæði fyrir heilabílaða og

Höfundar:

Einrúm arkitektar

Anders Møller Nielsen, arkitekt FAÍ, MAA

Kristín Brynja Gunnarsdóttir, arkitekt FAÍ

Mícheal Blikdal Erichsen, arkitekt

Steffan Iwersen, arkitekt FAÍ, MAA

Þór Tulinius





Í almennum einingum, raðast í kringum björt sameiginleg rými án ganga, sem gerir útfærsluna mjög heimilislega. Góð yfirsýn er yfir innganga einstaklingsrýma. Einstaklingsrýmin eru mjög vel leyst og bjóða upp á fjölbreytni í uppröðun innréttinga. Þjónustugangur er helst til of langur en þó mætti hugsa sér að gera hann áhugaverðari t.d. með setsvæðum.



Úr sameiginlegu rýmum er gott aðgengi í vel afmarkaða og skjólgóða inngarða. Útsýni úr opnum rýmum er takmarkað en væri hægt að lagfæra t.d. með setaðstöðu á móts við miðja opnun garðsins


og/eða tilfærslu einstaklingsrýma. Þrátt fyrir góð sjónræn tengsl milli eininga er ekki hægt að sameina sameiginleg rými þeirra. Salerni í sameiginlegum rýmum eru of mörg. Loft hæð er tekin upp í sameiginlegum rýmum sem gerir þau fjölbreytileg og skapar spennu. Leikur með ofanljós í sameiginlegum rýmum eykur á birtuflæði og dýpt rýmisins. Lóðarhönnun er skammt á veg komin.

Tillagan er í senn kröftug, listræn og spennandi og er með skemmtilega heimilislega vísun í eskfirsk sérkenni.



1. verðlaun framhald







SILFURBERG (kolsúrt kalk: Ca[CO₃])




ÞRÁÐURINN




2




7




FADMARNIR



BAKLANDIÐ



3



8



ÚTLIT SUÐUR



Tillaga númer 23 – auðkenni 34567 – 2. verðlaun, 2.500.000 kr.



Hrifandi og ljóðræn tillaga með rómantískum blæ. Útlit mótast að hluta til af rislaga þakformum, sem vísa í eldri byggð Eskifjarðar og gefa byggingunni létt og heimilislegt yfirbragð. Efnisval er hlýlegt með timbri á veggjum og þaki og fjörugrjóti á útveggjum sem undirstrikar tengsl við eldri hús bæjarins, fjöruna og sjóinn. Áhugaverðar hugmyndir um vistvæna hönnun, sem geta verið fordæmisskapandi í hönnun og útfærslu bygginga.



Lóðinni er skipt í tvo hluta. Suðurgarður er klofinn með aðkomuleið að húsinu, Lystigarðurinn í norðurenda lóðarinnar er vel útfærður en ekki í góðum tengslum við bygginguna.

Miðlægur aðalinngangur er í skjóli en gönguaðkoma nokkuð löng. Þó grunnhugmynd að „bryggjunni“ sé góð þá orkar hún tvímælis miðað við staðsetningu aðalinngangs – skýrara hefði verið að ganga inn á „bryggjuna“ við endann. Þjónusturými liggja við „bryggjuna“ og eru í góðum tengslum við önnur rými.

Höfundar:

Studio Strik arkitekta
Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ
Hulda Þ. Aðalsteinsdóttir, innanhússarkitekt FHI

Aðstoð:

Daði Halldórsson, arkitektanemi

Landslagshönnun:

Teiknistofan STORÐ, Hermann G. Gunnlaugsson, landslagsarkitekt FÍLA

Verkfræðiráðgjöf:

VSÓ ráðgjöf



Þjört einstaklingsrými, sem eru helst til of þröng, opnast í flestum tilfellum inn á ganginn til beggja handa. Sameiginleg rými eru öll við enda gangs. Í einingu 1 er gott útsýni. Sameiginleg rými eininga 2 og 3 eru miðsvæðis í byggingunni og er hægt að tengja saman yfir „bryggju“ þvera. Frá þeim er takmarkað útsýni. Lofthæð er að hluta verulega aukin yfir setustofu og borðsal í þessum einingum. Bjartir gangar með ofanljósum eru breiðir og veggir víkja við inn-


ganga sem gefur aukna rýmd. Hugmynd hönnuðar um að nýta þakrými fyrir utanaðkomandi starfsemi er óraunhæf.

Heildstæð og falleg tillaga, vel framsett.



2. verðlaun framhald





Tillaga númer 30 – auðkenni 97582 – 3. verðlaun, 1.000.000 kr.



Vel útfærð tillaga með hreinum og öguðum formum. Útlit er stílhreint, fágað og látlaust. Aðkoma er góð um aðkomutorg. Aðalinngangur vel staðsettur í nokkurri fjarlægð frá bílastæðum. Skjól-góðir garðar tengjast vel sameiginlegum svæðum innanhúss.

Styrkur tillögunnar felst í rúmgóðum, björtum og vel staðsettum sameiginlegum rýmum. Þau

hafa góð innbyrðis tengsl og útsýni er gott í allar áttir. Einingar 2 og 3 má sameina. Gangar eru stuttir, helst til einsleitir, með aðgengi að rúmgóðum einstaklingsrýmum til beggja handa. Þjónustukjarni er vel staðsettur og vel útfærður. Innra skipulag í heild er einstaklega vel leyst í þessari tillögu.

Höfundar:


Arkitektar Hjördís & Dennis ehf

Hjördís Sigurgísladóttir, arkitekt FAÍ

Dennis Davíð Jóhannesson, arkitekt FAÍ




VESTLÆG HLIÐ MKV. 1=200




NORÐLÆG HLIÐ MKV. 1=200



3. verðlaun framhald




AUSTLÆG HLIÐ MKV. 1=200



SNÍÐ A - A MKV. 1=200





SKÝRINGARMYND - HUGMYND



Tillaga númer 9 – auðkenni 73537 – viðurkenning, 500.000 kr.



Mjög sannfærandi lausn. Styrkur tillögunnar felst í opnum og björtum miðrymum sem tengjast innbyrðis í gegnum ljósgarð á milli eininga 2 og 3. Tengsl íbúa við sameiginleg rými eru einstaklega vel heppnuð og þau mynda heimilislega umgjörð um starfsemina. Vel er hægt að sjá fyrir sér að heimilismenn geti notið samvista á rúmgóðu göngusvæði í og kringum ljósgarð sem er stór og bjartur.

Helsti ókostur tillögunnar er of þröng einstaklingsrými sem bjóða því ekki upp á mikla fjölbreytni í skipulagi. Einnig er lofthæð þar of há miðað við hæð í sameiginlegum rýmum, sem



mætti vera hærrí. Gott útsýni er frá sameiginlegum rýmum að Bleiksá og Hólmatindi og tengsl milli inni- og útirýma eru góð. Frá einstaklingsrýmum er gott útsýni inn og út fjörðinn og til fjalla. Stöllum byggingarinnar brytur hana upp og formar sérgarða við hvert einstaklingsrými sem gerir hugmyndina þorpslega og er það kostur. Takmörkuð vísun er í staðbundin efni. Þjónustukjarni er vel staðsettur í miðju húsi. Meginaðkoma að húsinu er mjög vel leyst. Vel framsett og fagmannlega unnin tillaga.

Höfundar:

Guðrún Ingvarsdóttir, arkitekt FAÍ, Arkþing ehf
Helgi Mar Hallgrímsson, arkitekt FAÍ


Lóðarhönnun:

Hermann Ólafsson, Landhönnun Sf


Verkfræðileg ráðgjöf:

Gunnar Birnir Jónsson, Mannvit ehf
Pálína Gísladóttir, Mannvit ehf
Ragnar Kristinsson, Mannvit ehf

Tillaga númer 2 – auðkenni 09015 – viðurkenning, 100.000 kr.



Útlit er fagað og látaust. Heildarskipulagið er skýrt með björtum en löngum göngum. Einstaklingsrými eru vel leyst en eru út frá göngunum og gerir það tillöguna síður heimilislega. Sameiginleg svæði eru miðlæg og hægt er að sameina svæði fyrir einingar 2 og 3. Gardar eru skjólgóðir og aðkoman er vel hugsuð. Útsýni er gott frá sameiginlegum rýmum.



Höfundar:

Arkídea arkitektar

Ragnar Ólafsson, arkitekt FAÍ

Eyjólfur Bragason, arkitekt FAÍ


Erum arkitektar

Helgi Bergmann Sigurðsson, arkitekt FAÍ

Aðstoð:

Sigurður Þórir myndlistarmaður

Tillaga númer 18 – auðkenni 00154 – viðurkenning 100.000 kr.



Suðurrúttit, 1:200



Sníð A, 1:200

Einkenni tillögunnar er að einingarnar grípa um bjarta inngarða. Útlit er rólegt og stílhreint en ekki heimilislegt. Sameiginleg rými sem tengjast inngörðum eru björt með góðu útsýni og hægt er að sameina einingar 2 og 3. Vaktrými er ágætlega staðsett. Þjónustusvæði og aðalinngangur liggja

miðlægt. Gangar eru langir en með skemmtilegum ofanljósum framan við dyr einstaklingsrýma. Einstaklingsrými eru rúm og björt. Tillagan er öguð og mjög vel útfærð.

Höfundur:

Kurtogpí

Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt FAÍ
Steinþór Kári Kárason, arkitekt EPFL-FAÍ



Myndvinnsla:

Andrew Burgess

Verkfræðiráðgjöf:

Verkþjónusta Hjalta slf

Tillaga númer 26 – auðkenni 26255 – viðurkenning, 100.000 kr.



Styrkur tillögunnar felst í umgjörð utan um lokaðar en bjartar verandir þar sem einstaklingsrými raðast í kring. Útlit er stílhreint og efnisnotkun skemmtileg með tilvísun í náttúru og sögu. Tillaga um bæjartorg á gatnamótum Dalbrautar og Norðfjarðarvegur er athyglisverð.

Inna skipulag er formfast með mjóum göngum í kringum miðrými sem tengja starfsemina vel

saman. Sú lausn ber þó ekki með sér heimilislegt yfirbragð. Útsýni úr sameiginlegum rýmum er lítið en samnýtingarmöguleikar eininga 2 og 3 með ágætum. Gangar eru langir, mjóir og bjartir og tengja starfsemina vel saman. Einstaklingsrými eru rúm og björt. Vel útfærð tillaga og fallega framsett.

Höfundar:

G&J Architekten

Auður H. Guðmundsdóttir, arkitekt FAÍ

Eberhard Jungmann, arkitekt



Tillaga númer 34 – auðkenni 92233 – viðurkenning, 100.000 kr.



Styrkur tillögunnar felst í sterkri tilvísun í fjöllin í kring sem kemur fram í hárrí lofthæð sameiginlegra rýma. Hún er auk þess önnur af tveimur tillögum þar sem tekist hefur að tengja öll sameiginlegu rýmin í byggingunni, og verður það einnig að teljast styrkleiki hennar.

Góð tengsl eru við inngarða en þó á kostnað útsýnis frá byggingunni. Þjónustukjarni er vel stað-

settur en lokaður inngarður þar er þó óþarfur. Gangar eru langir en hjartir og einstaklingsrými eru ekki í góðum tengslum við sameiginleg rými sem er ókostur. Einstaklingsrými eru flöng og þröng og ekki er aðgengi út á lóð sem krafa var um í samkeppnislýsingu. Öll framsetning er glæsileg og til mikillar fyrirmyndar.

Höfundar:

Jón Davíð Ásgeirsson, arkitekt MA
Guðni Valberg, arkitekt BA
Andri Gunnar Lyngberg Andrésson, arkitekt BA

Ráðgjöf:

Jarþrúður Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Þorgerður Hafstað, hjúkrunarfræðingur

Ljósmyndir:

Atli Egilsson



Tillaga númer 35 – auðkenni 76737 – viðurkenning, 100.000 kr.



Einstaklega falleg og vel fram sett tillaga. Helsti kostur hennar er skýrt skipulag og vel útfærð og spennandi lóð. Að mati dómnefndar er lóðarlausnin ein sú besta í samkeppninni. Útlit er látlaut með skemmtilegum uppbotrum í þakformi með skírskotun í fjallstinda í Fjarðabyggð. Þök falla vel að grænni fjallshlíð.



Þjónustukjarni er ósannfærandi. Sameiginleg rými eininga eru mjó og löng í gangaformi framan við einstaklingsrýmin og eru ekki í innbyrðis tengslum og verða því ekki sameinuð. Útsýni er takmarkað úr sameiginlegum rýmum. Öll framsetning er fagmannleg og til mikillar fyrirmyndar.

Höfundar:

KRADS ARKITEKTÚR

Kristján Eggertsson, arkitekt FAÍ
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ
Kristoffer J. Beilman, arkitekt MAA
Mads Bay Møller, arkitekt MAA

Bjarni Þorsteinsson, arkitektanemi

Marte Slástad, arkitektanemi

Vilborg Guðjónsdóttir, arkitektanemi

Kristín Sigurjónsdóttir, byggingafræðinemi




Ráðgjafar:

Guja Dögg Hauksdóttir, arkitekt


Júlíus Rafnsson

Verkfræðistofan Hnit hf

Tillaga númer 8 – auðkenni 22005 – viðurkenning



Botnlangar



Hringrás

Sérstæð tillaga með athyglisverða nálgun þar sem heildarlausn byggir á hringleið um skjólgóðan inngang, sem er kostur tillögunnar, en um leið ókostur. Greinilegt er að tillagan hefur verið unnin af mikilli natni og góðu hugviti. Hún fellur á innra skipulagi, sem er ábótavant, því ganga

þarf í gegnum einingar, sem má rekja til hringformsins. Hugmyndir að lóð eru athyglisverðar en aðkoma að lóð er ekki góð. Aðalinngangur er vel leystur. Framsetning er góð og gróf skemmtileg.

Höfundar:

Magnús Freyr Gíslason, arkitekt MAA

Ragnhild Jordtveit Kristiansen, arkitekt MAA

Handteikningar:

Jakob Jakobsson, arkitekt BA



Tillaga númer 10 – auðkenni 81540 – viðurkenning



Snjöll hugmynd með litla húskroppa sem gera tillöguna heimilislega og fjölbreytilega með skjólgóðum görðum. Vel hefði mátt hugsa sér að smáhýsin mynduðu lítið þorp, hús með hvert sitt sérkenni, sem heimilismenn gætu kallað heimili sitt. Þetta tekst höfundu ekki þar sem efnisval

er einhæft og vantar skírskotun í byggðarlagið. Innra skipulag er ekki sannfærandi þar sem sameiginleg rými eru of þröng. Einstaklingsrými eru vel leyst. Ein af athyglisverðustu hugmyndum samkeppinnar.

Höfundar:

Hrólfur Karl Cela, arkitekt FAÍ

Sólveig Lís Tryggvadóttir, arkitekt FAÍ



Tillaga númer 17 – auðkenni 40620 - viðurkenning



Hugmyndin er einstaklega áhugaverð með vísan í bæjarmynstur Eskifjarðar þar sem húsin standa stök í fjallshlíðinni með rislaga þökum. Porpsstemningin í algleymingi. Höfundur nær þó ekki að uppfylla kröfur samkeppnislýsingar um innra skipulag hjúkrunarheimilis.


Höfundur:

Agnieszka Nowak

Ráðgjafi:

Pétur H. Ármannsson, arkitekt FAÍ

Tillaga númer 1 – auðkenni 46512



Heildartillagan er einföld og látlaus. Byggingin situr vel á lóðinni með skjólgóðum og björtum inngörðum. Gangar eru bjartir, en langir og einsleitir. Einstaklingsrými eru frekar þröng en mynda með innskoti góðar verandir. Efnisval er framandi og ekki séð hvernig tenging við byggðarlagið fæst með viðarklæðningum frá suðlægum slóðum. Tillagan er skýr og einföld.

Höfundur:

Anna Sóley Þorsteinsdóttir, arkitekt FAÍ

Landmótun:

Birkir Einarsson, landslagsarkitekt FÍLA

Ráðgjafi, aðstoð:

Halldóra Bragadóttir, arkitekt FAÍ

Önnur aðstoð:

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ

Helga Bragadóttir, arkitekt FAÍ


Helgi Bollason Thóroddsen, arkitekt FAÍ

Sveinn Bragason, arkitekt

Þorkell Magnússon, arkitekt FAÍ

Þórður Steingrímsson, arkitekt

Tillaga númer 4 – auðkenni 34512




Hugmyndin er nokkuð góð en innra fyrirkomulag er ekki sannfærandi. Sameiginleg svæði eru dreifð og ekki hægt að samnýta. Byggingin myndar skjólgóða garða í vesturátt. Heildaryfirbragð byggingar er ekki nægjanlega unnið.

Höfundur:

Þorgeir Jónsson

Tillaga númer 5 – auðkenni 60111



Almennt er tillagan góð. Styrkur tillögunnar felst í góðri aðkomu inn í miðsvæði byggingarinnar. Útlit er rólegt og yfirvegað. Miðrými er gott í forsal með útsýni til fjalla. Sameiginlegu rýmin í einingunum eru helst til þröng, þó hugmyndin sé góð, en þau mynda bein tengsl við vel skipulögð einstaklingsrými. Lóð er vel útfærð með litlum, skjólgóðum gördum.

Tillaga númer 6 – auðkenni 10501



Styrkur tillögunnar er að einingarnar ganga út frá ágætlega leystum sameiginlegum rýmum í miðri byggingunni. Garðar eru skjólgóðir með góðum veröndum. Einstaklingsrýmin eru rúmgóð og opnast til beggja handa á göngum. Gangar eru þröngir en með ofanljósum og opnast með glugga til endanna. Innra skipulag er ekki mjög sveigjanlegt.

Höfundar:

Arkís Arkitektar og ráðgjafar
Aðalsteinn Snorrason, arkitekt
Edda Kristín Einarsdóttir, arkitekt
Egill Guðmundsson, arkitekt

Landslagshönnun:

Landark, Pétur Jónsson, landslagsarkitekt

Tæknileg ráðgjöf:

Verkís, Eiríkur K. Þorbjörnsson
Verkís, Valur Hreggviðsson

Teikningar:

Hildur Björk Yeoman fathönnuður og
tískuteiknari


Höfundur:

Zeppelin arkitektar
Orri Árnason

Ráðgjöf:

Einar Ingimarsson

Tillaga númer 7 – auðkenni 42282



Innra fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur samkeppnislýsingar. Gangar eru þröngir og dimmir. Sameiginleg rými eru ekki aðlaðandi. Einstaklingsrými eru ekki góð.

Höfundar:
Hallur Árnason
Birgir Þór Birgisson



Tillaga númer 11 – auðkenni 25102



Almennt heildaryfirbragð byggingar er lítið spennandi. Innra skipulag er afar stíft með löngum, dimmum og einsleitum göngum. Tillagan er illa leyst og ekki boðleg nútíma hjúkrunarheimili.

Höfundar:
Helgi Þór Snæbjörnsson
Jón Sveinn Björgvinsson

Tillaga númer 12 – auðkenni 18204



Styrkur tillögunnar felst í tveimur þríhyrningslaga, björtum ljósgörðum. Útlit er ósannfærandi. Gangar eru bjartir en langir og ekki heimilislegir. Útsýni er úr sameiginlegum rýmum en sameining þeirra er ekki möguleg. Einstaklingsrými eru vel leyst. Lóð er ágætlega hugsuð.

Höfundar:


Alark arkitektar ehf

Kristján Ásgeirsson, arkitekt FAÍ

Jakob E. Líndal, arkitekt FAÍ

Aðalheiður Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Tillaga númer 13 – auðkenni 64899





Einkenni tillögunnar eru rísandi þakhlutar sem skala bygginguna óvenju mikið upp. Gangar eru bjartir en langir með einstaklingsrýmum til beggja handa. Sameiginleg svæði eininga 2 og 3 liggja saman. Yfirbragð í heild er ekki heimilislegt. Einstaklingsrými eru ekki góð. Lóðarhönnun takmarkast við lítinn skjólgóðan inngarð og bílastæði virka of fyrirferðarmikil.

Höfundur:

Björn H. Jóhannesson, arkitekt FAÍ

Tillaga númer 14 – auðkenni 41105



Athyglisvert er hvernig húsið er fellt inn í varnargarð sem gæti gefið tilefni til þess að færa húsið ofar í lóðina. Sérstætt útlit með jarðmönnum sem hefði mátt þróa frekar á húsi og lóð. Stór skjólgóður og vel útfærður garður en opinn fyrir utanátt sem er ríkjandi á sumrin. Aðalinngangur er ágætlega staðsettur en langt frá meginbílstaðum. Gangar eru langir en bjartir í einingum 1 og 2. Tengsl einstaklingsrýma við sameiginleg rými eru ósannfærandi. Einstaklingsrými eru rúm og björt.

Höfundar:

Finnur Björgvinsson, arkitekt FAÍ
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt FAÍ


Landslagshönnuður:

Landform

Aðstoð:

Björgvin Halldórsson byggingafræðingur

Tillaga númer 15 – auðkenni 49128



Byggingin að utan horft inn á vesturhlá og aðalinngang





Styrkur tillögunnar felst í miðlægri aðkomu og út frá henni kvíslast einingarnar í þrjár áttir. Tillagan er nánast án ganga þar sem sameiginlegu rýmin eru á milli einstaklingsrýmanna. Höfundur tekst ekki að skapa spennandi rými þar sem veggir eru einsleitir og útsýni og birta takmörkuð á sameiginlega svæðinu. Heildaryfirbragð tillögunnar kallar ekki fram þá ímynd sem dómnefnd vildi sjá í hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð.

Höfundar:

Guðrún Gústafsdóttir, arkitekt
Søren Lystlund, arkitekt
Tiitu Marijuama, arkitekt

Tillaga númer 16 – auðkenni 33352



Byggingin er samþjöppuð með inngarði sem skilar ekki tilætluðum áhrifum þar sem hann er þröngur og dimmur. Útlit er einhæft, ósannfærandi og ekki heimilislegt. Gangar eru langir en brotnir upp og skapa rými sem er styrkt af ljósgarði í miðju. Sameiginleg rými eru ósannfærandi. Heildarlausn á grunnplani er víða ábótavant. Einstaklingsrými þarfnast frekari útfærslu.

Höfundur:

Mannvirkjameistarinn ehf
Stefán Ingólfsson, arkitekt

Tillaga númer 19 – auðkenni 15728



Skipulag byggingarinnar er stíft með þröngum og dimmum göngum. Skjólgóður garður er á milli eininga. Höfundi hefur ekki tekist að skapa heimilislega útfærslu hjúkrunarheimilis. Framsetning tillögunnar er skýr og björt og grafísk framsetning á útliti byggingarinnar er falleg.

Höfundur:

Albína Thordarson, arkitekt FAÍ


Samstarfsmaður:

Bergljót Jónsdóttir, arkitekt FAÍ

Tölvulíkan og myndir:


Unnsteinn Jónsson

Tillaga númer 20 – auðkenni 68986



Við fyrstu sýn virðist sem sameiginleg rými séu styrkur tillögunnar, en við nánari skoðun eru þau aðþrengd með takmörkuðu útsýni og ekki er hægt að sameina þau. Innkoma er ágætlega staðsett. Að öðru leyti er tillagan stíf með löngum, þröngum og dimmum göngum sem henta ekki nýju hjúkrunarheimili. Einstaklingsrými eru þó ágætlega leyst.

Tillaga númer 21 – auðkenni 1706



Þessi tillaga er byggð á gangalausn sem þó er brotin upp með sameiginlegum rýmum þaðan sem ágætt útsýni er inn og út fjórðinn. Sameining sameiginlegra rýma er ekki möguleg. Gangar eru þröngir og mynda ekki þá heimilislegu umgjörð sem dómnefnd leitaði eftir. Útlit er hefðbundið og lítt spennandi. Aðalinngangur er vel staðsettur með rúmgóðum forsál. Innra skipulag er formfast og lítt sveigjanlegt. Aðkoma að lóð gengur alls ekki upp gegnum fyrirhugaðan varnargarð. Aðkomuleiðir eru tvær sem skapar aðgreiningu á milli starfsfólks og gesta en hamlar samnýtingu bílastæða.

Höfundar:

Alark arkitektar ehf

Jakob E. Líndal, arkitekt FAÍ

Kristján Ásgeirsson, arkitekt FAÍ


Aðalheiður Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Höfundur:

Cubus Design ehf

Edda Þórsdóttir, arkitekt

Tillaga númer 22 – auðkenni 92874




Formfast skipulag sem hefði getað gengið upp ef sameiginleg rými og gangar hefðu verið rýmri og tengsl þar á milli hefðu verið betri. Aðalinngangur er þó vel staðsettur og stutt er í sameiginleg rými í miðju hússins sem hægt er að sameina fyrir einingar 2 og 3. Gott útsýni er frá sameiginlegu rýmnum til fjalla. Gangar eru langir, þröngir og dimmir. Einstaklingsrými eru rúmgóð með inn-dreginni verönd en það vantar frekari útfærslu. Útlit hússins er ekki spennandi. Innkeyrslur frá Norðfjarðarvegi eru of margar. Bílastæði eru allt of mörg og taka óþarflega mikinn hluta af lóðinni auk þess eru þau aðskilin á milli starfsfólks og gesta sem hamlar samnýtingu þeirra.

Höfundur:

Jón Guðmundsson, arkitekt

Tillaga númer 24 – auðkenni KL3TT



Skemmtileg nálgun og vinnsla höfundar með leirmódel gerir tillöguna barnslega og einlæga. Sameiginleg rými byggingarinnar eru vel staðsett gagnvart lokuðum og vel útfærðum inngarði en ekki er útsýni til fallegar náttúru Eskifjarðar. Gangar eru langir, bjartir að hluta til og nýtast vel til gönguþjálfunar hringinn í kringum inngarð og þeir tengja starfsemina mjög vel saman. Einstaklingsrými eru nokkuð sérstæð, svefnskáli og setustofa aðskilin.

Höfundur:

Ólafur Þórðarson, arkitekt FAÍ

Samstarf og CAD:

Ian Mueller, arkitekt

Tillaga númer 25 – auðkenni 01237



Styrkur tillögunnar felst í hugmyndinni um þrjár byggingar sem eru sameinaðar en aðskildar að hluta, til að mynda tvo skjólgóða garða. Hugmyndin virðist hafa verið að ná útsýni frá einingunum til fjalla. Einnig hafði höfundur það að markmiði að mynda litlar húsaþyrpingar í líkingu við lítill sjávarþorp og bæi en lítill þakhalli og breidd eininga gera það að verkum að þessi markmið nást ekki, þó hugmyndin hafi verið mjög góð.

Sameiginleg svæði eru takmörkuð og aflokuð með litlu sem engu útsýni sem er þá helst í gegnum litlar skorur eða framhjá horni á næstu einingu. Gangar eru langir með aðkomu inn á einstaklingsrými til beggja handa. Uppbrot í göngum er illa útfært með óþarfa þrengslum. Einstaklingsrýmin eru rúmgóð. Efnisval er mjög gott og tengir bygginguna við Eskifjörð og íslenska byggingarsögu. Öll framsetning er góð og skýr.

Höfundar:

Árný Þórarinsdóttir
Helga Guðrún Vilmundardóttir
Kristjana Margrét Sigurðardóttir
Sara Axelsdóttir

Tillaga númer 27 – auðkenni 62010



Styrkur tillögunnar felst í einstaklingsrýmum, sem utanfrá séð eru máluð í mismunandi litum. Þjónustukjarni er miðsvæðis og auðvelt að þjónusta allar einingar jafnt. Sameiginlegu rýmin eru opin og björt og í einingu 2 og 3 liggja þau nánast saman. Skjólgóðir garðar myndast á milli eininganna. Einstaklingsrými eru þökkalega leyst en sveigjanleiki lítill. Út frá þeim skapast aflokuð verönd. Þaðan er gott útsýni til fjalla og inn og út fjörðinn. Gangar eininga 2 og 3 eru langir en bjartir. Vel leyst tillaga.

Höfundar:

Valdís Bjarnadóttir, arkitekt FAÍ
Melanie Lorenz, arkitekt

Aðstoð:

Orrí Gunnarsson, skipulagsfræðingur MUP
Nils Schwarzköpp, verkfræðingur
Gunnar Ingi Ragnarsson, verkfræðingur FVFI

Tillaga númer 28 – auðkenni 123735



Útlitið er sérstakt og grunnhugmyndin er nokkuð góð með sýnilegum miðlægum aðalinngangi. Sameiginlegu rýmin eru miðsvæðis og frá einingum 2 og 3 er gott útsýni til Hólmatinds. Hægt er að sameina sameiginlegu rýmin í einingum 2 og 3 og þau hafa góða tengingu út í skjólgóðan garð. Gangar eru langir, þröngir og bera ekki með sér heimilislegt yfirbragð. Einstaklingsrými eru rúm og björt og hafa góðar verandir.

Tillaga númer 29 – auðkenni 79110



Falleg, stílhrein og látlaus tillaga sem hefði náð lengra í keppninni ef hún hefði verið betur útfærð og hugað hefði verið að sveigjanlegra plani. Inngangur er miðlægur sem og sameiginlegu rýmin sem eru björt. Hægt er að sameina þau fyrir einingar 2 og 3. Gangar eru langir með ofanljósum og brotna upp og mynda þannig heimilislegt yfirbragð. Einstaklingsrými eru vel leyst með sér og skyggni.

Höfundar:

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ - archus ehf
Gunnar Páll Kristjánsson, arkitekt, Rýma arkitektar
Jón Grétar Ólafsson, arkitekt FAÍ
Atli Guðbjörnsson, byggingafræðingur BFI

Prívíddaraðstoð:

Ellert Hreinsson arkitektanemi

Ráðgjöf:

Burðarþol: Einar Þór Ingólfsson byggingaverkfr. MSc
Lagnir, hiti, loftræsing: Kristinn M. Jónsson, verkfr.
Hjúkrunarheimili: Pálína Sigurjónsdóttir,
skrifstofustjóri Ási



Höfundar:

VA arkitektar
Ólafur Ó. Axelsson
Heba Hertervig
Karl Magnús Karlsson
Richard Briem
Steinunn Halldórsdóttir

Sigurður Björgúlfsson
Hróbjartur Hróbjartsson


Verkfræðistofan EFLA

Tillaga númer 31 – auðkenni 56680



Aðkoma er góð en óþarflega mikið umferðarsvæði fyrir bifreiðar innan lóðar. Aðalinngangur er vel staðsettur. Hönnun lóðar er skammt á veg komin með mörgum skjólgóðum görðum. Útlit er ekki spennandi. Innra skipulag byggingarinnar er ósannfærandi.

Tillaga númer 32 – auðkenni 32323



Styrkur tillögunnar felst í tilraun til að skapa þorpsstemningu með þjónustukjarna í miðrými. Hugmyndin gengur upp að stórum hluta. Hún snýst mikið um sameiginlegu svæðin fyrir einingar 2 og 3, sem tengjast „Miðgarði“ og einstaklingsrýmum. Það hefði verið betra ef sameiginlega svæðið fyrir heilabílaða hefði einnig náð að tengjast miðkjarnanum. Gangar fyrir einingar 2 og 3 eru bjartir en ná ekki því heimilislega útliti sem höfundur stefndi trúlega að.

Útsýni er takmarkað frá „Miðgarði“ til fjallanna í kring. Athyglisverð tenging er þó við Bleiksána með vatni og gróðri. Gangur í einingu 1 er miðlægur með aðgengi að einstaklingsrýmum til beggja handa. Þar þarf að ganga í gegnum þjónustukjarna. Grunnmynd hefði mátt útfæra betur. Einstaklingsrými eru ílöng og frekar þröng. Útlit er ekki spennandi en lóð er nokkuð vel útfærð.

Höfundar:

Páll R. Valdimarsson
John H. Grant

Lóðarhönnun:

Halla Hrund Pétursdóttir

Ráðgjöf:

Gunnar H. Pálsson verkfræðingur



Höfundar:

Skipulags-arkitekta og verkfræðistofan ehf

Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur
Zoltán V. Horváth, arkitekt

Ráðgjöf:

Erlendur Birgisson, verkfræðingur
Guðrún Benediktssdóttir, innanhússarkitekt

Guðrún Bryndís Karlsdóttir, sjúkraliði og verkfræðingur
Gunnar Kristjánsson, verkfræðingur
Gunnlaugur B. Jónsson, arkitekt
Haukur A. Viktorsson, arkitekt
Kristín Þorleifsdóttir, Phd, landslagsarkitekt

Tillaga númer 33 – auðkenni 49048



Lóð er vel leyst með góðum veröndum fyrir einstaklingsrýmin og skjólgóðri verönd fyrir framan sameiginleg svæði. Útlit er látlaust en yfirbygging virkar of stór. Gangar eru langir og grunnlausn almennt ósannfærandi.

Höfundar:

Kári Eiríksson, Verkstæði arkitekta ehf



Eiður Páll Birgisson, Landslag ehf

Jóhann Magnús Kristinsson

Hálf dán Þórir Markússon

Strendingur ehf

Tillaga númer 36 – auðkenni 29821



Tillagan er athyglisverð en uppfyllir ekki kröfur samkeppnislýsingar að mjög mörgu leyti.

Höfundur:

Garðar Snæbjörnsson, arkitekt



